

2011



Ársskýrsla Byggðasafns Skagfirðinga



Mynd á forsíðu er tekin fyrir framan Minjahúsið af nemendum Farskóla safnmanna sem haldinn var í Skagafirði dagana 5.-7. október 2011. Ljós. Hörður Geirsson.

Texti: Bryndís Zoëga, Guðný Zoëga, Sigríður Sigurðardóttir.
Ljósmyndir eru frá Byggðasafni Skagfirðinga, nema annars sé getið.

Efnisyfirlit

Formáli	4
Starfsfólkið	5
Sjálfboðaliðar	5
Söfnun heimilda, skráningar, varðveisla	6
Miðlun	6
Gersemar og gleðigjafir	6
„Hitt og þetta úr geymslunni“	7
Áhöld Arasens	8
Hvítabjörninn	8
Lán á safngripum og annarra munir fengnir að láni til sýninga	8
Smárit	9
Merkisgripur mánaðarins	9
Rannsóknaskýrslur	9
Erindi	9
Greinar	10
Viðgerðir	10
Samstarf	11
Viðburðir og kynningar	12
Safnadagurinn	12
Jólaljósahátíð	12
Farskóli safnmanna	12
Safngestir	13
Styrkir	13
Fornleifadeildarstarfsemin 2011/Guðný Zoëga	15
Helstu verkefni	15
Skagfirska Kirkjurannsóknin	15
Deiliskipulagsskráningar í Húnaþingi vestra	15
Fornleifaskráning Skagabyggðar	18
Fornleifarannsóknir vegna jarðgangnagerðar að Skógum í Fnjóskadal	18
Fornleifaskráning í Seley við mynni Reyðarfjarðar	19
Starfsemi Fornverkaskólans 2011/Bryndís Zoëga	20
Styrkir til Fornverkaskólans	21
Upplýsingaskilti	21
Erlent samstarf	22
Námskeið	23
Torfhleðsla og grindasmíði 6-9. júní 2011	24
Íslenskir og erlendir nemendur ásamt kennara.	24
Torfhleðsla og grindasmíði 13-16. júní 2011	24
Grjóthleðsla 13-16. júlí 2011	25
Sögusetur íslenska hestsins	26
Árin 2010-2011	26

Formáli

Stofnskrá safnsins var endurnýjuð í desember 2011 og sniðin að þeim kröfum sem Safnaráð hefur sett um hlutverk og rekstur safna. Safnið hefur því starfað eftir nýrri stofnskrá og nýju skipulagi frá 1. janúar 2011. Á næstu árum verður, samkvæmt nýrri stofnskrá, lögð áhersla á „rannsóknir og miðlun upplýsinga um áþreifanlegar og óáþreifanlegar heimildir um menningararf héraðsins“. „Safnið starfar samkvæmt gildandi lögum um söfn, minjar og menningarverðmæti og hefur siðareglur Alþjóðaráðs safna (ICOM) að leiðarljósi“. Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur eiga safnið og leggja því til rekstrarfé. Eignarhlutir sveitarfélaganna reiknast eftir íbúatölu. Safnið er ekki rekið í hagnaðarskyni.

Starfi safnsins er skipt í *Rekstur* og *Rannsóknir, varðveisla, miðlun*. Undir rekstur fellur umsýsla, húsnæði, starfsmenn, markaðssetning og kynning, gestamóttaka, safnbúð og skipulag viðburða. Undir *Rannsóknir, varðveislu og miðlun* falla skráningar, rannsóknir, varðveisla, sýningar, útgáfa, heimasíða og önnur miðlun. Megin markmið safnsins er að efla þekkingu á áþreifanlegum og óáþreifanlegum minjum og minjaumhverfi Skagfirðinga og standa fyrir þróunar- og rannsóknarverkefnum út af fyrir sig og í samvinnu við aðra.


Starfsfólk safnsins vinnur að framþróun og fjármögnun margra merkilegra verkefna sem munu koma skagfirsku samfélagi og vonandi landinu öllu til góða/ss.

Starfsfólkið

Fjórtán manns voru í 6,5 stöðugildum við safnið á árinu 2011. Fjórir voru í heilsársstöðum: Guðný Zoëga, fornleifafræðingur og deildarstjóri Fornleifadeildar, Bryndís Zoëga, landfræðingur sem unnið hefur við fornleifaskráningu og kortagerð auk þess að vera verkefnis- og skráningarstjóri Fornverkaskólans og Guðmundur St. Sigurðarson, fornleifafræðingur sem unnið hefur að uppgreiftri, fornleifaskráningum og öðrum verkefnum safnsins. Sigríður Sigurðardóttir, safnstjóri. Stefanía Inga Sigurðardóttir, safnvörður, sem var í hálfri stöðu við umsjón húsa, skráningar, varðveislu og miðlun og í fullri stöðu sl. sumar.

Sumarsafnverðir í Glaumbæ og í Minjahúsinu á Sauðárkróki við móttöku gesta voru: Arnar Sigurðsson frá maí til júlí, Baldur Haraldsson, frá júlí til ágúst, Inga Katrín D. Magnúsdóttir, frá maí til ágúst, Jón Dagur Gunnlaugsson, frá maí til september, Lilja Rún Bjarnadóttir, frá júlí til ágúst, Óskar Smári Haraldsson, frá maí til september, Pálmi Sigurjónsson, frá júní til september, Róbert R. Guðmundsson, frá júní til september, Sæbjörg Gísladóttir í júlí og Urður Jónsdóttir, frá júní til ágúst.

Fjöldi einstaklinga í safntengdum störfum til lengri eða skemmri tíma 2006-2011



Sjálfboðaliðar

Sjálfboðaliðum safnsins verður seint fullpakkað. Á árinu komu tíu sjálfboðaliðar að störfum við safnið. Af þeim mæddi mest á Sigrúnu Fossberg við móttöku grunnskólabarna í Minjahúsinu. Sigrún hefur tekið á móti grunnskólabörnum og öðrum gestum í Minjahúsinu síðan í september 2005, meira og minna sem sjálfboðaliði. Sigríður Magnúsdóttir, Sigurður Björnsson, María Helgadóttir, Guðríður Helgadóttir, Jóhann Guðmundsson, Sigmar Jóhannsson og Margrét Ingvarsdóttir tóku þátt í viðburðum á safnadeginum. Margrét hefur sýnt handbrögð við hrosshárvinnu árlega frá 1994. Einn föstudag fyrir jól fengu tveir starfsmenn safnsins kennslu hjá henni í þeim grunnatriðum sem þarf að kunna áður en farið er að vinna úr hrossári, sem er að velja það, þvo, kemma og spinna í þráð til að vinna úr.



Kembt og spunnið, á rokk og snældu. Rokkurinn og kamburinn eru nútímalegir en halasnældan er alveg eins og í gamla daga. Öll virkuðu þau eins og til var ætlast.

Söfnun heimilda, skráningar, varðveisla

103 safnagripir voru skráðir í aðfangabók safnsins og hafin var skráning muna úr safni Kristjáns Runólfssonar/Hjalta Pálssonar. Skráðir safngripir í árslok voru 4400. Á árinu voru þar að auki var fjöldi gripa skráðir á biðlistann. Gripir, sem eru á mörkum þess að vera safntækir, eru skráðir á biðlista í stað þess að farga þeim. Þessir gripir hafa oft reynst nauðsynlegir sem uppfyllingarefni á sýningum. Þegar þeir fá hlutverk sýningargripa eru þeir skráðir sem safngripir.

Miðlun

Gersemar og gleðigjafir

Nýjar sýningar voru unnar fyrir Minjahúsið. Sýningin *Margt býr í moldinni*, sem fjallaði um minjarannsóknir um og eftir aldamótin 2000 vék fyrir *Gersema og gleðigjöfum*, þar sem fjallað er um þrjá borgara á Sauðárkróki og muni sem tengjast ýmsum málefnum liðinna ára. Hönnuður sýningarinnar var Jón Þórisson, leikmyndahönnuður. Anna H. Yates þýddi sýningartexta um *Tresures and Delights*, eins og sýningin kallast á ensku.



Til vinstri er Guðrún Baldvina Árnadóttir (1887-1975), betur þekkt sem skáldkonan Guðrún frá Lundi. Til hægri er Eypór Stefánsson (1901-1999) tónskáld. Þau, ásamt listmálaranum Jóhannesi Geir Jónssyni (1927-2003), eru fulltrúar einstaklinga sem ólust upp og bjuggu á Sauðárkróki á 20. öld. Myndir: Stefán Pedersen og HSk.



Skrifstofa Eypórs Stefánssonar tónskálds var sett upp í Minjahúsinu með munum og myndum frá honum. Veggirnir eru klæddir tónsmíðum eftir hann, með hans eigin hendi.



Móttakan í Minjahúsinu hefur tekið stakkaskiptum og við vonum að fólki líki hún betur en sú sem á undan var. Stefánía Inga tók á móti gestum og veitti upplýsingar þeim sem það vildu, fremur en að skoða sýningarnar í húsinu. Frá 2009 hefur verið rekið upplýsingaver í húsinu. Stefánía vann við að gera húsið tilbúið fyrir sýninguna. Þreif, málaði og handlangaði.

„Hitt og þetta úr geymslunni“

Sýnishorn muna úr safngeymslunni hafa verið sett í glerbúr í hluta sýningar-

salarins í Minjahúsinu til að gefa gestum innsýn í hvað geymt er. Munum verður skipt út úr glerturnunum eftir því hvað er í rannsókn hverju sinni eða sem safnast.



Myndin er af vinnustofu Jóhannesar Geirs, eins og hún er sett upp í Minjahúsinu.



Þessi matarílát og -áhöld eru unnin úr rekavið nema karfan, efst í horninu t.v., sem er úr víðitágum. Hún fannst á Hveravöllum á 19. öld og er sögð unnin af Fjalla-Eyvindi. Þarna eru einnig: rennd skál, trédiskur, sem búið er að spengja og sauma saman með spottum, smjörmælir, grautarausa og skeppa (kornmælir).

Áhöld Arasens

Munir frá Ara Arasen, fyrsta héraðslækni Skagfirðinga, sem starfaði á 19. öld, voru lánuð til sýningar á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki.

Hvítabjörninn

Fyrstu vikuna í júní var hvítabjörninn, sem felldur var í júní 2008 og stoppaður upp, fluttur úr Náttúrustofu Norðurlands vestra í Minjahúsið þar sem hann verður til sýnis um sinn.

Lán á safngripum og annarra munir fengnir að láni til sýninga

Skotveiðifélagið Ósmann fékk lánaða byssu Jóns Ósmanns á sýningu þann 7. maí.

Málverk úr Sturlungaseríu Jóhannesar Geirs voru fengin að láni frá Ársskóla, yfir sumartímann. Þeim var svo skilað í haust og í staðinn voru fengin málverk eftir Jóhannes Geir hjá Listasafni Skagfirðinga.

Munir frá safninu eru í sýningu hjá *Sögusetri íslenska hestsins* á Hólum í Hjaltadal og í Vesturfarasetrinu á Hofsósi.

Smárit

Gefin voru út sex smárit. Smáritin voru: *Glaumbær. Sýning og safn*. Smárit XI. *Sögur úr Glaumbæ*. Smárit XIII. *Gamlir byggingahættir*. Smárit nr. XIV. Smárit nr. XV, *Grassoden zum Hausbau*. Philip Vogler og Marion Lerner, þýddu ritið. Tvö smárit voru endurútgefin: *Kirkjur og bænhús í Skagafirði*. Smárit III, 3. útg. *Glaumbær. Kirkja og staður*. Smárit nr. VIII, 2. útg. Sigríður Sigurðardóttir setti smáritið upp og bjó til prentunar. Ásprent/Stell prentaði.

Merkisgripur mánaðarins

Hver safngripur er merkilegur og flestir eiga langa sögu. Á árinu hófst umfjöllun um **merkisgrip mánaðarins** á heimasíðu safnsins, undir www.skagafjordur.is/byggdasafn-merksigripur. Þeirri umfjöllun verður fram haldið á næsta ári.

Rannsóknaskýrslur

Gefnar voru út 10 rannsóknarskýrslur, sem allar tengdust fornleifarannsóknum:

1. **Skógar í Fnjóskadal. Fornleifarannsókn vegna mats á umhverfisáhrifum Vaðlaheiðargangna**. Guðný Zoëga. 2011/112.
2. **Fornleifarannsókn í Vopnafjarðarkauptúni - Vegna Norðausturvegar**. Guðný Zoëga. 2011/113.
3. **Fornleifaskráning Skagabyggðar. Ásbúðir og Mánavík**. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. 2011/114.
4. **Fornleifaskráning Skagabyggðar. Ytri-Björg, Syðri-Björg og Sviðningur**. Guðmundur St. Sigurðarson og Bryndís Zoëga. 2011/115.
5. **Fornleifaskráning í Akrahreppi. Flatatunga og Sólheimar**. Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. 2011/116.
6. **Eyðibbyggð og afdalir Skagafjarðar. Byggðasögurannsókn**. Guðný Zoëga. 2011/117.
7. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Hvammstanga**. Bryndís Zoëga og Guðný Zoëga. 2011/118.
8. **Skógar í Fnjóskadal. Framhaldsrannsókn á fornleifum vegna Vaðlaheiðarganga**. Guðný Zoëga. 2011/119.
9. **Seley við Reyðarfjörð - fornleifaskráning**. Guðný Zoëga 2011/120.
10. **Fornleifaskráning vegna deiliskipulags á Ósum í Húnaþingi Vestra**. Bryndís Zoëga 2011/121.

Erindi

Fluttur var fyrirlestur um fornleifar í Norðfirði og nágrenni á vegum Fræðslunets Austurlands.

Fornleifadeildarstarfsmenn voru meðþátttakendur í fyrirlestri um DnA greiningar á Norrænum beinagrindum frá Grænlandi og Íslandi (Skagafirði) á ráðstefnu í Danmörku í apríl 2011.

Fyrirlestur var um rannsóknir í Skagafirði á Vettvangsnámskeiði fyrir fornleifanema á Hólum í Hjaltadal.

Erindi var flutt um Þorgils skarða í Miklabæjarkirkju á Sögudegi á Sturlungaslóð.

Kynnt voru helstu verkefni safnsins á haustfundi hjá Lyonsklúbbum, út að austan.

Erindi um samstarfsverkefni safnsins, fyrir nemendur Farskóla safnmanna.

Greinar

Guðný Zoëga og Hildur Gestsdóttir (2011). „Osteology in Iceland“. N. Márquez-Grant and L. Fibiger (Eds.) í *The Routledge Handbook of Archaeological Human Remains and Legislation: an international guide to laws and practice in the excavation, study and treatment of archaeological human remains*. London: Routledge.

Sigríður Sigurðardóttir (2011) „Þjónustan og ígangsfötin. Auðmjúk þjónusta öðlast góð laun“ (101-112). *Skagfirðingabók*. Rit Sögufélags Skagfirðinga 33 (Rv. 2011)

Viðgerðir

Í ofsaroki í mars fauk kjölurinn af þakinu á Minjahúsinu og var settur nýr í hans stað.

Á árinu var gert við vegghluta innst í bæjargöngum, við Brandahús, norðvesturhorn Gusu og grindarviði og þak Norðurbúrs. Síðla vetrar var byggt skýli yfir sundið á milli Gusu og baðstofu og endi veggjarins rifinn til að komast að við aðgerð á húsgrindinni (laupnum) vegna leka þar undanfarin ár. Þiljur á vestanverðu gaflþili í Gusu voru teknar niður og nyrsti hluti þils á vesturvegg og gólf þar í horninu var opnað. Skipt var um horstoðina vegna fúa og nýju efni bætt við sylu, þverbíta og aurstokk. Nýju efni var skeytt við hið gamla með „frönskum lás“. Lofttúða var sett á húsið. Þekjan var fjarlægð af súðinni. Á kvistum var útflatt bárujárn að hluta en annars var bárujárn á þaki. Til að þétta í kringum kvistina voru þeir klæddir með tjörupappa og sléttu járn og settir listar undir járn til að lofta undir það. Á mæni var langsum lagt bárujárn ofan á kálfsperurnar, sem valda því að mænirinn er flat, einnig á milli súðar og út á gaflhlöð hvorum megin til þéttingar milli þekju og veggjar. Kvistir voru klæddir pappa og sléttu járn og sléttir faldar settir um gluggakarma.

Í maí var þekjunni flett af Norðurbúri. Áreftið var töluvert fúið. Gert var við húsið eins og það var um 1967. Gluggarnir voru smíðaðir nýir, geirnegldir, án miðju-pósts eins settir í þá rammar með miðsprossa. Sett voru ný langbönd á sperrurnar,

handhefluð og handskafin. Á þau var sett árefti úr rekaviðarbökum. Dúkur og bárujárn sem lögð voru yfir sundin voru negld á veggssyllu. Tjörupappi var settur á kvisti og nærþak. Ofan á nærþakið var tjörupappi og trollnet og tyrft yfir.

Gert var við stigann upp á loft í Bláustofu.

Bragi Skúlason, trésmíðameistari og Helgi Sigurðsson, torf- og grjóthleðslumeistari sáu um viðgerðir í Glaumbæ undir handleiðslu Guðmundar Lúthers Hafsteinsonar, hjá Húsasafni Þjóðminjasafns Íslands.

Samstarf

Safnstjóri sá um textaskrif um sítun fyrir *Gestastofa sítarans (economuseum)* fyrir sýningu um skinnaiðnað og -verkun. Gestastofan er móttaka Sjávarleðurs - Sauðskinns á Sauðárkróki sem er eina sítunarverksmiðja landsins og framleiðir hágæðaleður úr skinni og roði af laxi, hlýra, karfa og þorski. Verksmiðjan er orðin vinsæll viðkomustaður ferðamanna.

Skiptinemendur í starfsmenntanámi – tveir nemendur, þær Ragnheiður Þórsdóttir og Guðrún Bjarnadóttir, fóru á vegum Byggðasafns Skagfirðinga til Noregs til að læra að vefa á vefstað, sem notaður var áður en vefstólar komu til sögunnar á 19. öld. Námskeiðið var haldið á vegum Museumsenteret í Hörðalandi og Hörðaland fylkeskommune. Kostnaður var greiddur af styrk sem fékkst frá *Leonardo da Vinci transnational placement programme – Education and Culture*. Framhald þessa samstarfs verður námskeið sem þær halda í Skagafirði n.k. sumar undir merkjum *North Atlantic Crafts Traditions*, sem kynnt er nánar í kaflanum um Fornverkaskólann hér aftar.

Byggðasögurannsóknir, með Sögufélagi Skagfirðinga/Byggðasögu Skagafjarðar. Starfsmenn safnsins taka að sér rannsóknir fyrir Byggðasöguna, einkum fornleifafræðilegar vettvangsrannsóknir, úrvinnslu vettvangsgagna og kortagerð. Sjá greinargerð Fornleifadeildar hér aftar.

Sýningahald og söfnun, með Sögusetri íslenska hestsins. Sjá greinargerð hér aftast.

Miðaldasaga, með Félaginu Á Sturlungaslóð. Starfsmenn safnsins leggja félaginu lið með vinnuframlagi.

Sýningarhald, með Vesturfarasetrinu. Framlengdur var samningur um sýninguna *Annað land, annað líf – Vesturheimsferðir 1870-1914* þar sem fjallað er um ferðalög og búferlaflutninga og sett var upp árið 1996. Samningurinn er endurskoðaður árlega.

Endurnýjaður var samningur við jarðeiganda Tyrfingsstaða um að safnið héldi áfram hinu svokallaða *Tyrfingsstaðaverkefni*. Safnið ber ábyrgð á að viðgerðir á bæjar- og búpeningshúsum á Tyrfingsstöðum fari fram á forsendum minja-

verndarsjónarmiða og sér verkefninu fyrir efni sem notað er við handverkskennslu á námskeiðum Fornverkaskólans.

„*Lífsins blómasystur*“ er verkefni sem Inga Arnar, þjóðfræðingur og fata- og textílkennari kallar svo. Á undanförunum árum hefur hún rannsakað handverk hannyrðakvenna af Svaðastaðaætt og sett saman heimildabanka um einstakt handverk afkomenda Rannveigar Jóhannesdóttur (1797-1867) sem bjó á Svaðastöðum í Skagafirði og víðar. Safnstjóri hefur verið með í ráðum frá upphafi og þegar kom í ljós hve margt merkilegt hefur varðveist frá Svaðastaða-, Brimnes- og Kolkuóstengdum fjölskyldum var ákveðið að safnið gæfi helstu niðurstöður rannsóknarinnar út á bók. Í bókinni er greint frá lífshlaupi kvennanna í máli og myndum og sagt frá hvernig þær miðluðu merkilegu handverki áfram með kennslu og fræðslu og þátttöku í iðnsýningum. Ljósmyndir eru af hverjum grip sem hefur varðveist og upplýsingar um gerð hans, efni, áferð og sögu. Setjari bókarinnar er Guðfinna Hreiðarsdóttir, sagnfræðingur, á Ísafirði. Bókin verður prentuð í janúar 2012.

Átján söfn og setur á Norðurlandi vestra buðu upp á sérstaka safna- og setrahelgi haustið 2011 í tengslum við verkefnið „*Huggulegt haust*“ helgina 8. og 9. október. Byggðasafn Skagfirðinga var eini þátttakandinn í Skagafirði í því verkefni.

Viðburðir og kynningar

Safnadagurinn

Í bænum var strokkað smjör og boðið upp á að smakka það með harðfiski og rúgbrauði. Í baðstofunni voru sýnd ýmis handbrögð og aðferðir við að breyta ullarbandi og hrosshári í fallegt handverk og teknar nokkrar stemmur.

Jólaljósahátíð

Þann 29. nóvember héldu Sauðárkróksbúar upp á daginn í tilefni þess að kveikt var á jólatrénu á Kirkjutorgi. Safnið opnaði sýningarsali í Minjahúsinu og þangað komu blásarasveit og kammerkór og skemmtu gestum og gangandi.

Farskóli safnmanna

Byggðasafnið hélt Farskóla íslenskra safnmanna í Miðgarði. Á hverju hausti hittist safnafólk af öllu landinu og ber saman bækur sínar, lærir hvert af öðru og fær gestafyrirlesara úr öðrum greinum þegar svo ber undir. Farskólinn er fluttur til á milli landshorna svo fólk geti kynnst landinu, mismunandi áherslum eftir landshlutum og nýjungum sem í boði eru á hverjum stað. Farskólinn var haldinn dagana 5. til 7. október og voru farskólanemar á annað hundrað talsins. Þemaefni farskólans var samstarf.

Gestafyrirlesarar komu frá Svíþjóð, Noregi og úr Hjaltadal. Þau voru:

- Nanna Stefania Hermansson, fyrrverandi safnvörður í Kaupmannahöfn og Þórshöfn í Færeyjum. Hún var borgarminjavörður í Reykjavík og stýrði Árbæjarsafni 1974-84. Þá varð hún landsminjavörður í Suðurmannahóli í


Svílþjóð og borgarminjavörður í Stokkhólmi. Hún ræddi um möguleika samstarfs milli safna á Norðurlöndum.

- Atle Ove Martinusen er forstjóri Museumsenteret í Hordalandi í Noregi, sem veitir söfnum og setrum í fylkinu ráðgjöf um verndun menningararfs, forvörslu og varðveislu. Innan vébanda þess eru m.a. Norska þrjónaiðnaðarsafnið, Osterøysafnið, Lyngheisenteret, Vestur-norska Vesturfarasetrið og fleira. Hann sagði frá reynslu Hörðalandsmanna við sameiningu/samstýringu safna, setra og sýninga á Hörðalandssvæðinu.
- Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, lektor við ferðamáladeild Háskólans á Hólum og deildarstjóri ferðamálabrautar frá stofnun 1996 til 2009, talaði m.a. um hvernig samstarf safna og ferðaþjónustunnar er kynnt nemendum Hólaskóla.
- Guðný Zoëga og Sigríður Sigurðadóttir héldu erindi um reynslu af margvíslegum samstarfsverkefnum Byggðasafns Skagfirðinga við fræðimenn, stofnanir, fyrirtæki og einstaklinga.

Farskólanemendum var skipt í hópa sem skiluðu niðurstöðum í rituðu máli og hafa þær verið teknar saman í skýrslu sem birt er á heimasíðu Félags safna og safnmanna – FÍSOS (www.safnmenn.is).

Safngestir

Safngestir voru 31300 alls í Minjahúsinu og í Glaumbæ. Gestir á sýningar sem safnið hefur lánað muni til, á *Vesturfarasetrinu* á Hofsósi og *Sögusetri íslenska hestsins* á Hólum, voru u.þ.b. 8000. Fækkun var á gestum á milli ára eins og meðfylgjandi graf ber með sér.



Styrkir

Menningarráð Norðurlands veitti safninu samtals 1200 þús. kr í styrki á árinu. Fornleifadeild safnsins, í samstarfi við Byggðasöguna, fékk 300 þús. kr. til gerðar *gagnagrunns um þá fornbyggð* sem skráð hefur verið í tengslum við Byggðasögu Skagafjarðar. 100 þús. kr. til að þýða á þýsku og prenta smáritið *Torfi til bygginga* (Grassoden), 200 þús. kr. til sýningargerðar í Minjahúsinu, 100 þús. kr. til prentunar rannsóknarits um *Miðaldakirkjur* og 500 þús. kr. til útgáfu bókar um handverk Svaðastaða- og Brimnessystra.

Safnaráð veitti 200 þús. kr. úr Safnasjóði til sýningargerðar í Minjahúsi og 1800 þús. kr. til reksturs.

Fjárlaganefnd Alþingis veitti 500 þús. kr. til Tyrfingsstaðaverkefnisins.

Fornleifasjóður veitti styrk að upphæð 1.000.000. kr. til rannsókna á fornum kirkjustöðum í Skagafirði.


Húsafriðunarnefnd veitti 250 þús. kr. styrk úr Húsafriðunarsjóði til Tyrfingsstaðaverkefnisins og 200 þús. kr. til verkefnaáætlunar fyrir Árbakka (Suðurgötu 5) á Sauðárkróki.

Nordisk Kulturfond veitti safninu 300 þús. kr. styrk til að fá erlenda fyrirlesara í Farskóla safnmanna, sem haldinn var í Miðgarði í Skagafirði fyrstu vikuna í október.



Margir veittu safninu stuðning til að taka vel á móti Farskólanemum. Þeirra á meðal voru: *Kaupfélag Skagfirðinga*, sem bauð Farskólagestum í miðdagskaffi á ferð þeirra um Skagafjörð (sjá mynd á forsiðu). *Gestastofa sútarans* bauð þeim góðar móttökur og skoðunarferð um verksmiðjuna. Sigurður Hansen bauð þeim í sögustund í *Kakalastofunni* og *Tyrfingsstaðabændur* tóku á móti hópnum.

Styrkir 2001-2011



Á grafinu kemur fram að háir styrkir komu til fornleifarannsókna á árunum 2004 til 2007, sem eru fyrst og fremst styrkir Alþingis til Kolkuóssrannsókna. Þær fóru upphaflega fram undir merkjum Byggðasafns Skagfirðinga. Ragnheiður Traustadóttir framkvæmdastjóri Hólarannsóknarinnar stýrði þeim rannsóknum. Hólarannsóknin tók Kolkuóssrannsóknir yfir árið 2008.

Fornleifadeildarstarfsemin 2011/Guðný Zoëga

Starfsemi Fornleifadeildar Byggðasafnsins var að vanda fjölbreytt á liðnu ári. Meðal stærstu verkefna voru Kirkjurannsóknin og fornleifarannsókn að Skógum í Fnjóskadal. Einnig var áframhaldandi samstarf um byggðasögurannsóknir með riturum Byggðasögu Skagafjarðar.

Helstu verkefni

Fornbyggðarannsóknir. Samstarf var við byggðasöguritara um rannsóknir á fornum byggðaleifum í Skagafirði. Síðastliðið sumar voru skoðaðir staðir í Kolbeinsdal og Hjaltadal í tengslum við ritun sjötta bindis Byggðasögunnar. Í Kolbeinsdal voru rannsakaðar minjar ónefnds fornþýlis, seltóftir í nágrenni Heljarár og minjar á Nautaseli, selstöðu í eigu Hólastóls. Í Hjaltadal voru skoðaðar minjar á Kollugerði og Byrðugerði í landi Hólastaðar en einnig voru skoðaðar óglöggar minjar á svokölluðu Byrgisnesi fremst í Hjaltadal. Minjarnar voru mældar upp og einnig voru teknir borkjarnar til frekari aldursgreiningar þar sem þurfa þótti. Niðurstöður rannsókna munu koma út í rannsóknaskýrsluröð Byggðasafnsins en þær hafa nú þegar komið út að hluta í sjötta bindi Byggðasögunnar. Nú hefur verið grafið á yfir 50 stöðum í tengslum við Byggðasögurannsóknina og er orðinn til veglegur gagnagrunnur um forna byggð í Skagafirði.

Horft til suðurs, inn Hjaltadal yfir leifar meintrar sundlaugar frá söguöld í landi Hofs. Rannsóknirnar leiddu í ljós að garðurinn var líklega frá 12.-13. öld og því yngri en ætlað hafði verið.



Skagfirska Kirkjurannsóknin

Skagfirska kirkjurannsóknin hófst á vegum Fornleifadeildar Byggðasafns Skagfirðinga í byrjun árs 2007. Rannsóknin miðar að því að leita uppi, skrásetja og staðfesta elstu kirkjugarða í héraðinu. Níu kirkjugarðar hafa fundist við kirkjurannsóknina og hafa þá fornleifarannsóknir farið fram á alls 14 kirkjugörðum úr frumkristni í Skagafirði.

Sumarið 2011 var lagt upp með að leita að og rannsaka þrjár mismunandi gerðir kirkjugarða.

Deiliskipulagsskráningar í Húnaþingi vestra

Fornleifadeildin tók að sér tvö skráningarverkefni tengd deiliskipulagi í Húnaþingi vestra.



Könnunarskurður í túni á Óslandi. Í skurðinum sést fremst á mynd gröf ungbarns sem tekin hefur verið í gegn um hvíta Heklugjósku frá 1104. Fjærst í skurði má sjá rauðleita móösku og byggingaleifar, líklega smiðjuleifar.



Guðmundur St. Sigurðarson, starfsmaður fornleifadeildar, við uppgröft í landi Höfða á Höfðaströnd.

1. Á Höfða, Höfðaströnd var sóknarkirkja a.m.k. fram á 17. öld. Þar var hinsvegar grafið allt fram á 19. öld. Í ljós kom að grafið hefur verið í garðinn þegar á 11. öld en kirkjugarðsveggurinn endurhlaðinn og kirkjugarðurinn færður til á 14. öld. Í garðinum var grafin fram gröf konu. Gröfin hefur verið tekin um eða eftir aldamótin 1300 og hefur þá garðurinn verið farinn að fyllast þar sem að sú gröf hefur raskað tveimur eldri gröfum.
2. Á Bræðrá í Sléttuhlíð var fallið bænhus á 15. öld og engar heimildir um grafreit en þar er svokallaður Bænhúshóll í túni. Teknir voru sex könnunarskurðir í bænhúshólinn en engar glöggar vísbendingar komu fram um grafir eða annað sem bent gæti til kirkjugarðs. Hinsvegar fundust vísbendingar um að bæjarstæðið fyrir 1104 hafi verið á öðrum stað en síðar varð.
3. Á Óslandi í Óslandshlíð á að hafa verið hálfkirkja til forna og eru heimildir um að tvær kirkjur hafi staðið þar á 16. öld. Engar heimildir eru um grafreit þar en hringlaga garðlag, sem kallað var kirkjugarðurinn, var sýnilegt fram yfir miðja 20. öld en nú eru öll ummerki um garðinn horfin í sléttuð tún. Tekinn var könnunarskurður í túni eftir lýsingu heimildamanna. Rétt undir grasrót komu fram leifar byggingar, líklega smiðju og undir þeim lágu leifar kirkjugarðs. Alls mátti greina sjö grafir í garðinum, sumar hafa verið teknar skömmu eftir aldamótin 1100 en einnig voru grafir allt frá 11. öld.



Smalahóll í landi Þverár í Hallárdal, Skagabyggð.

Fornleifaskráning Skagabyggðar

Síðastliðin fjögur ár hefur fornleifadeildin unnið að fornleifaskráningu sveitarfélagsins Skagabyggðar samkvæmt samningi þar um. Lokið var að mestu við verkefnið sumarið 2011. Þar voru skráðar alls 14 jarðir og hafa þá flestar jarðir í sveitarfélaginu verið skráðar.

Fornleifarannsóknir vegna jarðgangnagerðar að Skógum í Fnjóskadal

Síðast liðið sumar tók Fornleifadeild Byggðasafnsins að sér fornleifauppgröft að Skógum í Fnjóskadal, S-Þingeyjarsýslu. Verkið var unnið fyrir Vegagerðina vegna fyrirhugaðra framkvæmda við gerð Vaðlaheiðarganga. Bæði var um að ræða könnunarskurði til að leita fornleifa og í framhaldinu fór fram meiriháttar uppgröftur á fornum járngerðarminjum sem fundust við forkönnunina. Undir rústum 19. og 20. aldar fjárhúsa komu í ljós ummerki um mikilsháttar vinnslu járns úr mýrarrauða, gríðarstór gjallhaugur, um 10x15m á kant og um 1,3m hár þar sem hann er hæstur. Í fyrstu var talið að lítið kynni að vera eftir af öðrum minjum tengdum þessari framleiðslu þar sem fjárhúsin höfðu verið að hluta niðurgrafin. Annað kom þó á daginn og reyndist töluverður hluti járngerðarminjanna lítt eða óspilltur. Minjarnar reyndust að mestu vera frá 12. öld. Nú þegar hafa komið í ljós, auk gjallhaugsins, tvær samtengdar byggingar sem tilheyra járnvinnslunni. Þar hefur mýrarrauðinn e.t.v. verið þurrkaður og greinilegt er að þar hefur rauðablásturinn farið fram, þar sem járneið er skilið frá steinefnunum, gjallinu, sem svo hefur verið borið út og myndað stóran haug við útganginn. Rannsókn á nærumhverfi staðarins hefur staðfest að þar er að finna kolagrafir líkt og víðar í dalnum og mýrarrauða aðeins örfáa metra frá byggingunum. Þarna hefur því hvort tveggja verið við höndina nægur skógur til kolagerðar og rauði til járngerðar. Reiknað er með að rannsóknum á Skógum ljúki sumarið 2012.



Horft til suðurs yfir uppgriftarsvæðið í Skógum. Fyrir miðri mynd má sjá járnvinnslusvæðið en umhverfis það hefur verið hlaðinn torfveggur. Niðurgráfnir ofnar voru fyrir enda svæðisins og myndarlegur gjallhaugur sést vinstra megin á mynd.

Fornleifaskráning í Seley við mynni Reyðarfjarðar

Fornleifadeildin tók að sér skráningu minja í Seley við mynni Reyðarfjarðar fyrir Hjörleif Guttormsson náttúrufræðing. Alls voru skráðar 27 minjar í eyinni og kom skýrsla um rannsóknirnar út í lok árs.



Seleyjarviti. Minjarnar eru umhverfis hann.

Starfsemi Fornverkaskólans 2011/Bryndís Zoëga



Nýir gluggar voru settir í frambæinn í október 2011. Þeir voru smíðaðir af Braga Skúlasyni húsasmíðameistara.



Tyrfingsstaðir eftir námskeiðin í júní 2011.

Árið 2011 var fimmta starfsár Fornverkaskólans og var starfsemin með svipuðu sniði og undanfarin ár. Þrenn námskeið voru haldin á árinu, tvö í torfhleðslu- og grindarsmíði á Tyrfingsstöðum og eitt í grjóthleðslu í Kringlumýri. Nemendur voru alls átján, þar af voru fjórir að sækja sitt annað námskeið og einn var á sínu fimmta. Á Tyrfingsstöðum var lokið við viðgerð á búi sem byrjað var á 2010, byrjað var á búi norðan frambæjar og það klárað auk þess sem göngin að fjósinu voru kláruð. Viðgerðir á bænum eru langt komnar og eru næstu verkefni að hefja viðgerðir á fjósi og baðstofu. Ábúendur á Tyrfingsstöðum þau Kristín F. Jóhannsdóttir og Sigurður M. Björnsson komu að verkefninu með ýmsum hætti s.s. með vinnu, láni á vélum og lauk námskeiðum á Tyrfingsstöðum með glæsilegri útskriftarveislunni að hætti Kristínar.

Verkefnisstjóri:

Bryndís Zoëga starfsmaður Byggðasafns Skagfirðinga var í 20% starfshlutfalli hjá Fornverkaskólanum. Heimasíða verkefnisins er www.fornverkaskolinn.is

Stjórn skipa:

Atli Már Óskarsson, Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra.
Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Háskólanum á Hólum.
Sigríður Sigurðardóttir, Byggðasafni Skagfirðinga.

Kennarar:

Bragi Skúlason, húsasmíðameistari.
Helgi Sigurðsson, Fornverki ehf.

Styrkir til Fornverkaskólans

Styrkir fyrir starfsárið 2011	Kr.	Nýttur
<i>Akrahreppur</i>	200.000	2011
<i>Menningarráð Norðurlands Vestra</i>	250.000	2011
<i>Vaxtasamningur Norðurlands vestra</i>	500.000	2011
<i>Vaxtasamningur Norðurlands vestra</i>	1.200.000	2010/2011
<i>Þjóðhátíðarsjóður</i>	400.000	2011
Samtals	2.550.000	

Styrkir fenginn á starfsárinu 2011	Kr.	Nýttur
<i>Menningarráð Norðurlands vestra</i>	300.000	2012
Samtals	300.000	



Heildarstyrkir fyrir árið 2011 voru 2.550.000 kr. Þar af var styrkur frá Vaxtar-samningi Norðurlands vestra upp á 1.200.000 kr. frá árinu 2010 fyrir verkefnið *Tyrfingsstaðir á Kjálka*, en verkefninu lauk ekki fyrr en 2011 og telur hann þess vegna til tveggja ára. Haustið 2010 fengu Fornverkaskólinn og Byggðasafn Skagfirðinga 500.000kr. styrk til verkefnisins: *Áframhaldandi uppbygging Fornverka-skólans og erlent samstarf*, verkefninu lauk 2011. Þjóðhátíðarsjóður veitti í lok árs 2010 styrk upp á 400.000kr. til verkefnis sem nefnt var *Tyrfingsstaðaverkefnið: Varðveisla á vinnubrögðum og uppbygging húsa á Tyrfingsstöðum á Kjálka*, því lauk 2011. Þetta var síðasta úthlutun Þjóðhátíðarsjóðs áður en hann var lagður niður. Menningarráð Norðurlands vestra veitti Fornverkaskólanum 250.000 kr. styrk til þess að halda námskeið í torfhleðslu- og grindarsmíði og að auki til þess að halda *Dag torfsins* sem ætlaður er til kynningar á gömlu handverki og Fornverkaskólanum. Námskeiðin voru haldin sumarið 2011 en þar sem styrkuppþæð var lægri en sú sem sótt var um fékkst leyfi til þess að sleppa *Degi Torfsins* að sinni. Akrahreppur hefur frá upphafi Tyrfingsstaðaverkefnisins veitt Fornverka-skólanum árlega 200.000 kr. til Tyrfingsstaðaverkefnisins. Menningarráð Norðurlands vestra veitti styrk upp á 300.000 kr. til námskeiðahalds á Tyrfingsstöðum árið 2012. Heildarframlag Byggðasafns Skagfirðinga til Tyrfingsstaðaverkefnisins á árinu voru 1.065.848 kr. og til Fornverkaskólaverkefnisins 265.848 kr. Byggðasafnið borgar allan efniskostnað vegna viðgerða á Tyrfingsstöðum og skráningu sem fer fram á námskeiðum.

Upplýsingaskilti

Árið 2009 fékkst styrkur frá Menningarráði Norðurlands vestra og 2010 frá Vaxtasamningi Norðurlands vestra til þess að gera upplýsingaskilti fyrir

Tyrfingsstaði. Vinnan fór af stað sama ár en lauk ekki fyrir en í lok árs 2011. Skiltið er því loks tilbúið og verður sett upp á Tyrfingsstöðum vorið 2012.

Erlent samstarf

Haustið 2010 fengu Fornverkaskólinn og Byggðasafn Skagfirðinga 500.000kr. styrk til verkefnisins: *Áframhaldandi uppbygging Fornverkaskólans og erlent samstarf*. Með því skapaðist möguleiki fyrir Fornverkaskólann að taka þátt í verkefnum og sækja um erlenda styrki í samstarfi við erlenda og innlenda aðila. Ekki fengust allir styrkir sem sótt var um en hér að neðan er sagt frá þremur samstarfsverkefnum sem komu út úr þessum verkefni.



Hópurinn að störfum undir stjórn Helga Sigurðssonar kennara námskeiðsins.



Frá fundinum á Hólum. Þar voru ásamt Solveigu Jordal og Atle Ove Martinussen, sem sitja til hægri, Guðrún Þóra Gunnarsdóttir, Atli Óskarsson, Sigríður Sigurðardóttir og Bryndís Zoëga sem tók myndina.

Þann 16. júní 2011 tók Fornverkaskólinn á móti hóp af nemendum í landfræði við Southern Connecticut State University. Hópurinn samanstóð af 8 nemendum sem

ýmist voru í grunn- eða framhaldsnámi. Hópnum stjórnaði C. Patrick Heidkamp prófessor en hann hafði árið áður heimsótt Fornverkaskólann til að fræðast um starfsemi hans. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna íslenskt byggingahandverk fyrir nemendunum og tóku þau þátt í því að tyrfa á þakið á búi sem gert hafði verið við á námskeiði í torfhleðslu og grindasmiði sem var að ljúka sama dag.

Dagana 27. júní til 2. júlí komu Atle Ove Martinussen og Solveig Jordal frá Museumssenteret í Hörðalandi í Noregi í heimsókn til Íslands. Tilgangur heimsóknarinnar var að ræða nokkuð víðtækt samstarf um fornt handverk. Fornverkaskólinn og Byggðasafn Skagfirðinga tóku á móti gestunum 28. -30. júlí og var tíminn notaður til funda við mögulega samstarfsaðila og kynninga á handverks-tengdri starfsemi í Skagafirði. Auk Byggðasafnsins og Fornverkaskólans funduðu þau með forsvarsmönnum Síldarminjasafnsins á Siglufirði og forsvarsmönnum Textilseturs og Heimilisiðnaðarsafns á Blönduósi. Um er að ræða útvíkkun á verkefni sem Museumssenteret hefur staðið fyrir og nefnist *North Atlantic Crafts Traditions*. Fornverkaskólinn og Byggðasafnið hafa samþykkt þátttöku í verkefninu og stefnt er að því að halda tvö námskeið á þess vegum árið 2012.

Í október 2010 hóf Fornverkaskólinn samstarf við Arch Network sem eru skosk samtök sem stuðla að eflingu kennslu og þróunar á náttúru- og menningararfi milli Skotlands og annarra Evrópulanda. Arch Network bauð Fornverkaskólanum í framhaldi af því þátttöku í Leonardo da Vinci Vetpro Program sem nefnist Cultural Heritage Interpretation and Sustainable Tourism. Hlutverk Fornverkaskólans í verkefninu er að taka á móti hópum fólks frá ýmsum Evrópulöndum sem eiga það sameiginlegt að vinna með gamalt byggingahandverk. Í júní 2012 kemur sex manna hópur frá hinum ýmsu Evrópulöndum í vikuheimsókn í Skagafjörð.

Námskeið



Grindin komin í búið fram á hlaði og þakið langt komið.



Margar hendur vinna létt verk -torf handlangað af dráttarvél og upp á þak þegar verið var að tyrfa ofan á göngin inn í fjós.

Undirbúningur fyrir námskeiðin hófst í lok maí og var í höndum verkefnisstjóra Fornverkaskólans, Fornverks ehf., Braga Skúlasonar og eigenda á

Tyrfingsstöðum. Hreinsa þurfti út úr húsinu sem átti að lagfæra og taka niður ónýta vegg og styrkja aðra vegg og þá hluta húsgrindar sem var heil. Eftir námskeiðin þurfti að ganga frá og klára gafla og þök, glerja rúður. Jafnframt var Bragi Skúlason húsasmiður fenginn til þess að smíða nýja glugga í frambæinn. Gluggasmíðin var að hluta greidd af Fornverkaskólanum en verkefnið er annars í höndum Byggðasafns Skagfirðinga. Starfsmenn Fornverks ehf. stungu klömbrur í Tyrfingsstaðalandi en annað efni var tekið í Torfmýri í Blönduhlíð.

Torfhleðsla og grindasmíði 6-9. júní 2011

Fyrri námskeiðið var haldið 6.-9. júní. Það sóttu 5 nemendur. Verkefni þess var að byrja að hlaða vegg hús sem síðast hafði hýst skepnur en hafði áður gegnt hlutverki búrs. Neðsti hluti veggja var hlaðinn úr grjóti og strengur settur á milli en ofar var veggheðslan úr klömbru (torfi). Á seinni hluta námskeiðsins var smíðuð grind í búr sem hlaðið var sumarið 2010, reft yfir og þakið tyrft. Jafnframt var kenndur torfskurður og -stunga og nemendur lærðu um mismunandi tegundir torfhleðslna. Samhliða grindarsmíðinni fengu nemendur tilsögn í gluggasmíði og fengu að spreyta sig á því að smíða glugga úr tré. Á meðan á námskeiðinu stóð kom starfsfólks sjónvarpsþáttarins Landans, sem sýndur er á RÚV, og fékk Fornverkaskólinn umfjöllun í þætti síðar um sumarið.



Íslenskir
og erlendir
nemendur
ásamt
kennara.

Torfhleðsla og grindasmíði 13-16. júní 2011

Síðara námskeiðið var 13.-16. júní og voru 4 nemendur auk eins framhaldsnema, sem sótt hefur öll grunnnámskeið Fornverkaskólans. Lokið var við að hlaða vegg búrsins sem byrjað var á, á fyrri námskeiðinu. Síðan var smíðuð grind í húsið, reft á þakið og tyrft yfir. Síðan voru hlaðnir gangnaveggir sem liggja framhjá búrinu og yfir í fjósið sem er næsta hús norðan við. Göngunum var svo lokað og tyrft yfir. Á þessu námskeiði var einnig farið í torfskurð og torfstungu auk gluggasmíði.



Nemendur á námskeiðinu ásamt kennurum og aðstoðarmönnum.

Grjóthleðsla 13-16. júlí 2011



Byrjað var á því að hlaða veggina sem mynda innganginn í húsið og síðan meðfram húsinu til suðurs. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson.



Veggur var hlaðinn frá innganginum og meðfram húsinu. Ljósmynd: Guðmundur St. Sigurðarson.

Fornverkaskólinn hélt námskeið í grjóthleðslu dagana 13.-16. júní í Kringlumýri í Skagafirði. Verkefnið var samstarfsverkefni Fornverkaskólans og Sigurðar Hansen sem er að byggja upp sögutengda ferðaþjónustu að Kringlumýri. Nemendur á námskeiðinu voru átta og þar af voru fjórir sem áður höfðu sótt námskeið í Torfhleðslu- og grindarsmíði. Hlaðnir voru veggir sem mynda aðkomu að svo nefndum Kakalaskála sem á í framtíðinni að hýsa sögusýningu um Sturlungaátamabilið og samkomusal. Alls voru hlaðnir um 20m af tvöföldum veggjum annars vegar úr grjóti úr Goðdalakistu og hins vegar grjóti af grundunum neðan Kringlumýrar, gömlum árfarvegum Djúpadalsár.

Sögusetur íslenska hestsins

Sögusetur íslenska hestsins er rannsókn- og fræðslumiðstöð sem þjónar öllum Íslandshestaheiminum. Setrið tekur við munum og öðrum heimildir í samráði við sérhæfðar stofnanir svo sem skjala-, ljósmynda- og minjasöfn og stofnanir sem sinna málefnum hrossaræktar og hestamennsku¹ og stendur fyrir og tekur þátt í yfirlitssýningum og málþingum. Sögusetrið verður einstakur vettvangur fyrir rannsóknir, fræðslu, margskonar sýningahald og skemmtun fyrir unga sem aldna þar sem þeim er kynntur íslenski hesturinn á lifandi og fræðandi hátt, eiginleikar hans, saga og hlutverk í þjóðmenningu landsins í fortíð og nútíð.



Myndir frá sýningu Sögusetursins um íslenska hestsins. Ljós. Síh.

Árin 2010-2011

Árið 2010 stóð setrið fyrir fræðslustarfi, tók þátt í atvinnulífssýningu í Skagafirði, gerð fimm sjónvarpsþátta um íslenska hestinn og sýningu fyrir landsmót hestamanna, skráði ljósmyndir og var í samstarfi af ýmsu tagi s.s. *Hýruspori* – samtökum um hestaferðaþjónustu, félaginu *Á Sturlungaslóð* og *Félagi ferðaþjónustunnar í Skagafirði*. Auk samstarfs við ýmsa aðila á sviði rannsókna-, söfnunar og varðveislu s.s. Byggðasafn Skagfirðinga, Háskólann á Hólum, Landbúnaðarháskóla Íslands og Félag hrossabænda. Sjö manns störfuðu á Sögusetrinu árið 2010. Forstöðumaður, verkefnastjóri yfir ljósmynda- og heimildabanka og fimm sumarstarfsmenn. Fjölmargir störfuðu þar að auki við Sögusetrið við undirbúning og uppsetningu yfirlitssýningar um íslenska hestinn. Ljósmyndasýning sem sett var upp 2010 í Hótel Varmahlíð stóð til vors 2011. Gestir Setursins á árinu 2010 voru um 1000.

Árið 2011 voru alls sex verkefnaráðnir starfsmenn við setrið. Fimm voru við gæslu og móttöku á sýningu setursins, auk forstöðumanns og MA- nema í ferðamálafræðum sem vann að markaðsáætlun fyrir Sögusetrið á erlendri grundu. Setrið stóð fyrir hrossablótsveislu með Hótel Varmahlíð eins og undanfarin tvö ár. Gestir Setursins á árinu voru um 1250.

¹ Samningur hefur verið gerður um söfnun muna, sem tengjasat ferðalögum á hestum og búnaði til ferðalaga, milli Sögusetursins og Byggðasafns Skagfirðinga, sem skráir munina og varðveitir þá.